

Vinnureglur við stigamat háskólakennara við Háskólann á Akureyri

Hér að neðan er að finna vinnureglur og verklag við stigamat háskólakennara við Háskólans á Akureyri. Mikilvægt er að þeim sé fylgt þegar ritverk og annað vinnuframlag er talið fram.

Aðjúnktar, lektorar og dósentar sem gegna a.m.k. 20% starfi við Háskólann á Akureyri skulu skila stigamatsskýrslu til stjórnslu rannsókna eigi síðar en 1. mars ár hvert. Samkvæmt reglum um Vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri nr. 156/2008 metur stjórnslu rannsókna störf umsækjanda til stiga samkvæmt stofnanasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og viðsemjenda þess. Stjórnslu rannsókna er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi sérfræðings við matið. Afar mikilvægt er að nauðsynlegum fylgigögnum, sem nánar eru tilgreind á stigamatseyðublaði, sé skilað inn til staðfestingar á ritverkum og/eða öðru vinnuframlagi. Óbirt verk eða verk í vinnslu eru ekki metinn til stiga.

A RANNSÓKNIR

Prófrítgerðir

Diplomritgerð er metin sem meistararitgerð. Ritgerðir eru metnar sem ígildi doktorsritgerða ef a.m.k. þrjú ára rannsóknir eru taldar liggja að baki þeim.

Skilyrði þess að ritgerð sé talin til doktorsritgerðar hinnar meiri er að sannanlega hafi viðkomandi ritað hana án leiðbeiningar. Að öðru jöfnu er hér um að ræða ritgerðir við Háskóla Íslands og Habilitetsritgerð við þýska háskóla eða franska. Þeir sem fara rակleitt í doktorsnám án þess að taka masterspróf, fá doktorspróf sitt metið í þessum lið.

Þó starfsmaður hafi birt greinar, bók eða annað efni sem byggt er á doktorsritgerð er slík viðbótarbirting jafnframt metin til stiga í viðeigandi flokki.

Allar kandidatsritgerðir eru metnar til 15 stiga. Sú almenna regla gildir um prófrítgerðir eins og annað efni að fram þurfa að koma allar helstu bókfræðilegar upplýsingar. Komi t.d. ekki fram hvað ritgerð heitir er ekki gefið stig. Ef starfsmaður telur fram tvær ritgerðir á sama stigi (t.d. tvær doktorsritgerðir) er gefið fyrir báðar.

Bækur

Skilyrði þess að bók sé metin í þennan flokk er að hún sé á fræðasviði viðkomandi og gefin út af viðurkenndum útgefanda fræðibóka. Til þeirra teljast bækur gefnar út af t.d.

háskólaútgáfu og stofnunum háskóla. Ekki er gefið sérstaklega fyrir safn greina sem birst hafa annars staðar og þær metnar sem slíkar. Í einstökum tilvikum, ef um sérstaklega viðamikil verk er að ræða má meta bækur á meira en 60 stig.

Ekki er gefið fyrir endurútgáfur, nema að um verulegar viðbætur eða breytingar sé að ræða.

Greinar í fræðiritum

Eingöngu ritrýnd tímarit teljast til fræðirita. Með ritrýningu er hér átt við að áður en grein er birt er hún send til a.m.k. tveggja viðurkenndra fræðimanna (ritrýnenda) á sviðinu.

Ritrýnendur meta m.a. hvort um nýja þekkingu er að ræða og hvort hún eða annað það sem fram kemur í greininni geti mögulega staðist. Ritrýnendur gera athugasemdir í samræmi við niðurstöðu sína og þarf höfundur greinar að því búnu að svara athugasemdunum. Á

grundvelli þessarar samræðu metur ritstjóri og/eða ritstjórn hvort birta skuli greinina. Greinar birtar í alþjóðlegum viðurkenndum tímaritum (þ.e. greinar sem birtast í tímaritum sem skráð eru í eftirfarandi gagnagrunnum: SCI, SSCI, A&HCI). Allar greinar í þessum flokki fá 15 stig þar á meðal ráðstefnugreinar og stuttar fræðilegar greinar (squips) séu þær ritrýndar.

Grein birt í öðru fræðiriti

Greinar birtar í öðrum ritrýndum fræðiritum eru metnar til 10 stiga. Sjá dæmi um stigagjöf fyrir greinar í íslenskum tímaritum í viðauka.

Greinar birtar í óritrýndum fræðiritum

Greinar í óritrýndum ráðstefnuritum eru einnig metnar samkvæmt þessum flokki. Working papers falla í þennan flokk, sem og greinar í ritum þar sem ekki er um skipulega ritrýni að ræða. Greinar í afmælisritum eru metnar samkvæmt þessum flokki sem og stuttar greinar í alfræðibókum (0-3). Viðamiklar greinar gefa 5 stig. Minni greinar gefa færri stig. Sjá dæmi um stigagjöf fyrir greinar í íslenskum tímaritum í viðauka.

Ekkert er gefið fyrir greinar í dagblöðum, jafnvel þótt þær séu á fræðasviði starfsmannsins.

Ekki er gefið fyrir greinar í Lesbók Morgunblaðsins, Vísbendingu eða Frjálsri verzlun.

Ritdómar í dagblöðum og ritfregnir gefa engin stig. Ekki er gefið fyrir greinar sem birtast í fréttabréfum fagfélaga og stofnana.

Ritgerðir í ritrýndum ráðstefnuritum og bókarkaflar

Kaflar í ritrýndum ráðstefnuritum og bókarkaflar eru metnir til 5 - 10 stiga. Til ritrýndra ráðstefnurita teljast rit frá ráðstefnum sem haldnar eru af akademískum fagaðilum fyrir fræðimenn, alla jafna í fræðigrein viðkomandi starfsmanns. Ráðstefnurit sem finnast í áður nefndum gagnagrunnum um vísindatímarit fá 15 stig. Skilyrði þess að bókarkafli falli í þennan flokk er að bókin standist kröfur sem lýst er í kaflanum *Bækur* hér að framan. Jafnframt þarf ritstjórinn að vera viðurkenndur fræðimaður á sínu sviði.

Störf í ritnefndum vísindatímarita

Stig eru einungis gefin ef tímaritin eru ritrýnd sbr. skilgreiningu að framan. Ekki er gefið fyrir ritstýringu óritrýndra tímarita. Fyrir ritstýringu ritrýndra fræðibóka eru gefin 3 stig fyrir hverja bók.

Kennsluefni, námskrárgerð

Viðamikil kennslurit til háskólakennslu

Rit þarf sannanlega að vera til háskólakennslu og vera gefið út af viðurkenndum útgefanda.

Námskrárgerð á vegum menntamálaráðuneytis

Hér er átt við virka þátttöku sérfræðings við gerð landsnámskráa fyrir leik-, grunn- eða framhaldsskóla.

Útgefið kennsluefni fyrir leik, grunn- eða framhaldskóla

Hér er átt við kennsluefni sem gefið er út að viðurkenndum útgáfuaðila, svo sem Námsgagnastofnun.

Annað

Fræðileg skýrsla

Skýrslur þurfa að vera útgefnar af háskóla eða rannsóknastofnun. Stundum eru viðamiklar skýrslur fyrir ráðuneyti eða aðra opinbera aðila metnar til stiga. Skýrsla þarf að jafnaði að hafa útgáfunúmer þannig að hægt sé að vitna í hana og vera aðgengileg á bókasafni eða stofnun. Ekki er gefið fyrir skýrslur sem telja má hluta venjulegra sérfræðingsstarfa utan háskóla. Almenn viðmiðunarregla er 0-2 stig fyrir skýrslur. Viðamiklar skýrslur fá fleiri stig. Ekki er gefið fyrir nefndarálit sem starfsmaður hefur staðið að ásamt öðrum.

Álitsgerð

Álitsgerðir um ýmis mál sem fela í sér rannsókn eða krefjandi úrlausnarefni koma hér til greina og gilda þar um sömu skilyrði og um fræðilega skýrslu. Gerðadómar, úrskurðir og lagafrumvörp falla undir flokkinn. Þjónusta innan eða utan háskóla. sbr. síðar. Lögð er áhersla á að álitsgerðir séu aðgengilegar öðrum vísindamönnum.

Ritdómur

Eingöngu er gefið fyrir viðamikla ritdóma í fræðiritum.

Fræðslurit fyrir almenning

Fræðslurit fyrir almenning þurfa að vera viðamikil, útgefin af forlagi, vera á fræðasviði starfsmanns eða hafa verulega dreifingu til að ná í þennan flokk. Sama á við um bækur starfsmanna sem ekki eru á þeirra fræðasviði, enda eru slík rit oft ætluð almenningi. Þar sem "þröskuldurinn" er hér 5 stig falla ýmis smærri verk utan við þennan flokk, svo sem einstakar greinar, útvarps- og sjónvarpsþættir og sama gildir um fasta dálka í fjölmiðlum. Hafi starfsmaður birt mjög mikið efni af þessi tagi er matsnefndum heimilt að gera tillögu um stig samkvæmt ákvæði um þjónustu utan háskóla.

Erindi á vísindaráðstefnum

Alþjóðlegar vísindaráðstefnur eða vísindaráðstefnur hér á landi sem skipulagðar eru af akademískum fagaðila gefa alltaf 3 stig. Fagráðstefnur innanlands eru einnig metnar til stiga. Ráðstefnur innlendra faghópa og fræðafélaga gefa 1 stig, en erindi á vegum áhugahópa, klúbba og ýmiss konar félagasamtaka eru ekki metin til stiga. Stig eru ekki skert vegna meðhöfunda en einungis er gefið fyrir erindi sem starfsmaðurinn heldur sjálfur. Haldi stúdent erindið eru gefin 75% stiga. Titill, staðsetning og dagsetning þurfa að liggja fyrir. Gefin eru stig enda þótt ráðstefnugrein sé einnig metin til stiga. Sé ekki ljóst samkvæmt framtali að starfsmaður hafi flutt erindið er ekkert stig gefið.

Veggspjald á ráðstefnu

Veggspjöld á fagráðstefnum innanlands eru einnig metin til stiga. Stig eru ekki skert vegna meðhöfunda en einungis er gefið fyrir veggspjaldi sem starfsmaðurinn kynnir sjálfur. Komi ekki fram hver kynnir veggspjaldið er deilt með höfundafjölda. Titill, staðsetning og dagsetning þurfa að liggja fyrir. Gefin eru stig enda þótt ráðstefnugrein sé einnig metin til stiga.

Annað

Afurðir þróunar eru metnar til stiga þegar gögn um afurðina eru aðgengileg fagmönnum á þann hátt sem tíðkast í akademísku starfi. Hér er átt við greinar, skýrslur, erindi og annað sem gert er í nafni viðkomandi háskóla. Afurðin sjálf, í flestum tilvikum undir nafni sjálfstæðs fyrirtækis, er ekki metin til stiga.

Þýðingar

Þýðingar gefa stig ef talið er að um sé að ræða krefjandi rit á viðkomandi fræðasviði, þannig að færa megi rök fyrir því að í þýðingunni felist einhver rannsóknavinna. Þýðing bókmenntaverka kemur að jafnaði ekki til greina og heldur ekki þýðing einfaldra fræðslurita. Þó eru á þessu undantekningar einkum þegar „þýðingarsérfræðingar“ þýða bókmenntaverk með skýringum eða fræðilegri umfjöllun í formála eða eftirmála, fyrir slík verk eru að jafnaði gefin 2-5 stig. Þýðingar fræðimanna á fræðibókum á þeirra fræðasviði eru að jafnaði metnar til 5 stiga. Fræðilegir formálar eru jafnframt metnir sérstaklega sem bókakaflar (10 stig).

Listsköpun

Stig fyrir listsköpun eru háð því að kennari sé ráðin við Háskólann á Akureyri á grundvelli sérmenntunar í viðkomandi grein.

Stór einkasýning í viðurkenndu listasafni, samþykkt af listráði

Hér er átt við einkasýningu á mynd- og hönnunarverkum t.d. í:

- Listasafni Íslands,
- Listasafni Reykjavíkur,
- Listasafni Kópavogs,
- Listasafni ASÍ,
- Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnafjarðar,
- Nýlistasafninu,
- Norræna húsinu í Reykjavík,
- Listasafni Akureyrar,
- viðurkenndum listasöfnum erlendis.

Einkasýning eða þátttaka í samsýningu í viðurkenndu listasafni

Með einkasýningu er hér átt við einkasýningu á frumsýndum verkum. Viðurkennd listasöfn eru þau sömu og áður voru talin.

Viðamikil frumsamin tónsmíð flutt opinberlega af viðurkenndum listamönnum

Hér er átt við viðamikla tónsmíð svo sem óperu- eða hljómsveitarverk sem flutt er í opinberu tónleikahúsi s.s. Íslensku Óperunni, Þjóðleikhúsinu, Salnum (Tónlistarhús Kópavogs) eða Háskólabíói. Gert er ráð fyrir að tónverkið fylli efnisskrá í lengd.

Frumsamín tónsmíð flutt opinberlega af viðurkenndum listamönnum

Hér er átt við minni tónsmíðar sem fluttar eru af viðurkenndum listamönnum. Ekki er unnt að gefa stig fyrir tiltekið tónverk oftar en einu sinni.

Tónlistarflutningur á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum, eða á opinberum áskriftartónleikum

- Alþjóðlegar lista- eða menningarhátíðir,

- Alþjóðlega raf- og tölvutónlistarhátíðin,
- Norrænir músíkdagar og
- aðrar erlendar hátíðir
- Opinberir áskriftartónleikar, t.d.:
- Áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og
- áskriftartónleikar Tíbrá í Salnum Kópavogi

Tónleikahald

Einleikur, einsöngur eða listræn stjórnun á tónleikum á vegum virtra tónleikahaldara eða menningarstofnana. Með listrænni stjórnun er átt við stjórnun hljómsveitar, kórs eða kammerhóps.

Tónleikahald í tengslum við eða á vegum alþjóðlegra lista- eða menningarhátíða, virtra tónleikahaldara, eða virtra menningarstofnana felur að jafnaði í sér meiri viðurkenningu en tónleikahald á eigin vegum. Veita ber að jafnaði fleiri stig fyrir tónleikahald ef um frumflutning tónverks er að ræða.

Veita má hljóðfæraleikara stig fyrir samleik í kammerhóp eða veigamikil hlutverk í tónflutningi með viðurkenndum aðilum, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, þó ekki sé um einleik að ræða, enda hafi verið sóst eftir hljóðfæraleikaranum á grundvelli listrænnar hæfni hans. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar uppákomur veiti stig nema þær séu a.m.k. fleiri en 2 yfir árið.

Virtir tónleikahaldarar og menningarstofnanir eru t.d.:

- Sinfóníuhljómsveit Íslands,
- Salurinn: Tónlistarhús í Kópavogi,
- Íslenska Óperan,
- Sumartónleikar í Skálholti,
- Listahátíð í Reykjavík,
- Myrkir músíkdagar,
- Kammersveit Reykjavíkur,
- Caput,
- Musica Antiqua,
- Gerðuberg,
- Háskólatónleikar,
- Félag Íslenskra Tónlistarmanna og
- Tónlist fyrir alla.

Útgefna hljóðritanir

Hér er átt við hljóðritanir sem sendar út af viðurkenndum fjölmiðlum eða gefnar eru út af viðurkenndum útgáfuaðilum. Hljóðritun og útsending að frumkvæði virts fjölmiðils, s.s. RÚV. Viðurkenndir tónlistarútgefendur: FÍH, Geimsteinn, Ísdiskar, Íslensk Tónverkamiðstöð, Japis, Jazzís, Klassís, Smekkleysa, Skífan, Stöðin ehf., Thule Musik, Tónaflóð eða þekktir erlendir tónlistarútgefendur.

Skáldverk

Miðað er við að verk sé gefið út af viðurkenndum útgefanda.

Hönnunarverk

Hér er átt við verk sem hannað er fyrir sérstakar þarfir og aðstæður þar sem tekið er tillit til fleiri þátta svo sem umhverfi, notagildi, og fegurðar.

Einstök mynd- og hönnunarverk eru ekki metin til stiga nema þar sem verk er hannað fyrir tiltekna aðstæður þar sem fram komi viðurkenning fleiri aðila svo sem listráðs eða valnefndar á sérþekkingu viðkomandi til að vinna verkið.

Fyrirlestrar

Plenum fyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum

Ekki er deilt þótt höfundar séu fleiri en einn, ef starfsmaður hefur sjálfur flutt fyrirlesturinn. Fyrirlestur má telja in pleno ef hann hefur skýra sérstöðu meðal annarra á ráðstefnunni.

Hann er haldinn ásamt fáeinum öðrum yfir öllum þátttakendum ráðstefnunnar áður en þeir skiptast í hópa. Plenum fyrirlestur er yfirleitt a.m.k. 45 mín. langur og gjarnan nokkurs konar yfirlit um tiltekið svið. Gera þarf fulla grein fyrir því að um plenum fyrirlestur hafi verið að ræða. Þar sem hér er lögð áhersla á alþjóðlega viðurkenningu þarf að vera ljóst að um alþjóðlega viðurkennda ráðstefnu á viðkomandi fræðasviði sé að ræða. Það er sjaldgæft að menn hafi flutt meira en 1-2 fyrirlestra af þessu tagi á starfsævinni.

Erindi í boði háskóla, vísindaakademíu eða inngangsfyrirlestur ráðstefnu

Hér er lögð áhersla á boðið og þá alþjóðlegu viðurkenningu sem í því felst. Þess vegna þurfa að koma fram upplýsingar um hver bauð og að um opinberan fyrirlestur hafi verið að ræða. Höfð er hliðsjón af því að sjaldan eru menn boðnir formlega nema einu sinni eða í mesta lagi tvisvar til halda fyrirlestur við sama skólann. Ekki er gefið fyrir fyrirlestraraðir við sama skólann (t.d. 2-5 fyrirlestrar í röð), enda er talið að um kennslu sé þá að ræða.

Áhrif/viðurkenning

Eingöngu eru taldar tilvitnanir sem getið er um í ISI gagnagrunninum SCI, SSCI eða AHCI.

B KENNSLA

Kennslureynsla

Fyrir hvert ár í fullri kennslu eru gefin 10 stig. Umfangsmikil stundakennsla sérfræðings eða stundakennara áður en viðkomandi réðst í fast starf við Háskólann á Akureyri getur gefið allt að 5 stigum á ári. Stig fyrir kennslu eru ekki skert þó um hlutastarf sé að ræða.

Kennslurit

Undir þetta falla fjölrít sem hafa dreifingaraðila.

Leiðbeining nemenda

Ekkert er gefið fyrir leiðbeiningu lokaverkefna í grunnnámi. Eingöngu er gefið fyrir doktors- og meistaraverkefni og þarf þeim að vera lokið. Ekki er deilt í stigafjölda þótt leiðbeining sé að hluta, nema meðleiðbeinandi starfi erlendis og námið sé við erlendan háskóla.

Sérstök uppbygging á deild eða skor

Stig fyrir sérstaka uppbyggingu á deild eða skor eru gefin starfsmönnum sem staðið hafa að

grunnuppbyggingu rannsóknastofnunar, skorar, námsbrautar eða deildar.

Nýsköpun í kennslu

Kennari getur sótt um að fá metna vinnu við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skipulagningu og skilgreiningu nýrra námsleiða, endurskipulagningu námsleiða, skilgreiningu nýrra námsleiða, þróun kennsluaðferða, gerð verkefnabanka og fleira. Nauðsynlegt er að skýrsla um nýsköpunarstarfið fylgi umsókn um mat samkvæmt þessum lið. Staðfesting frá þriðja aðila, t.d. deildarforseta, þarf að fylgja skýrslu.

C STJÓRNUN (270 stig hámark)

Hér er ekki átt við almenn stjórnunarstörf sem mönnum ber að sinna sem hluta af stjórnunarskyldu sinni heldur aðeins sérstök stjórnunarstörf einkum á vegum viðkomandi háskóla í heild en ekki deilda.

Dæmi um nefnd sem metin er til stiga sbr. síðasta lið þessa flokks . Seta í nefndum á vegum rektors eða háskólaráðs" s.s. stjórn RHA.

D Þjónusta

Undir þennan lið fellur skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu. Seta í stjórn um úthlutun úr rannsóknasjóði, seta í doktorsnefnd, seta eða formennska í dómnefnd og andmælandi við doktorsvörn er einnig flokkað undir þjónustu og skal þeim störfum vera lokið til þess að þau séu metin til stiga. Master án ritgerðar og önnur formleg menntun sem nýtist í starfi er metið í þessum flokki og þarf staðfesting á prófgráðu að fylgja. Einnig er ýmis konar fræðsluefni fyrir almenning metið í þessum flokki.

E ÞJÓNUSTA INNAN EÐA UTAN HÁSKÓLA OG FYRRI STÖRF (100 stig hámark)

Metin er allt að 10 ára starfsreynsla í fyrri störfum, sem falla utan þeirra starfa sem áður eru talin enda sé hún á fræðasviði kennarans og nýtist í því starfi.

Höfð er hliðsjón af starfsreynslustigum nýráðinna kennara við frumröðun þeirra í launaflokk. Matsnefnd skal meta starfsreynslu til kennslu- og/eða rannsóknastiga, þrátt fyrir að viðkomandi fullnægi ekki öllum skilyrðum matsreglna, t.d. um birtingu rannsóknaniðurstaðna. Tilfærsla stiga samkvæmt þessum lið getur þó aldrei numið meiru en 1/5 hluta heildarstarfsreynslustiga.

Til að meta hvernig fyrri störf nýtast í starfi við Háskólann á Akureyri skal miðað við að starfsreynsla á fræðasviði kennarans að loknu BS/BA/BEd háskólaprófi (eða sambærilegu prófi) jafngildi 4 stigum á ári miðað við fullt starf. Til viðbótar er það tímabil fyrri starfa sem viðkomandi hafði meistaraþróf eða doktorsþróf metið til 1 stigs á ári (meistaraþróf 1 stig og doktorsþróf 1 stig). Til viðbótar má meta til 2ja stiga ef kennari hefur áður gengt stjórnunarstöðu og 2ja stiga fyrir rannsóknastarf á sínu fræðasviði. Kennurum, sem voru ráðnir að Háskólanum á Akureyri áður en þessi regla gekk í gildi, verði gefinn kostur á endurmati fyrri starfa samkvæmt E lið.

Vinnureglur:

Sem vinnuregla er miðað við að starfsmaður fái að hámarki 10 stig á ári vegna fyrri starfsreynslu í stigamati HA.

Vinnureglur þessar voru uppfærðar í febrúar 2008 til samræmingar við nýjar reglur um vinnumatssjóð sem samþykktar voru í háskólaráði 28. janúar 2008.